




Loftgæðin í Reykjavík

Svava S. Steinarsdóttir

Kristín Lóa Ólafsdóttir

Heilbrigðisfulltrúar



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur


Yfirlit

- Staðsetning loftgæðamælistöðva
- Hvaða efni erum við að mæla
- Samsetning svifryks- samanburður á rannsóknum
- Nagladekk
- Helstu niðurstöður mælinga árið 2014
- Loftgæði í Reykjavík áramótin 2014-2015
- Viðbragðsáætlun um loftgæði

Vöktun loftgæða

- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur rekur 2 færanlegar loftgæðamælistöðvar (Farstöðvar I og II)
<http://reykjavik.is/loftgaedi>
- Umhverfisstofnun rekur fastar loftgæðamælistöðvar á Grensásvegi og í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (FHG)
- Orkuveita Reykjavíkur er með stöð í Norðlingaholti
- Föst loftgæðamælistöð í Hvaleyrarholti og færanleg mælistöð í Kópavogi





Helstu loftmengandi efni í Reykjavík


- Köfnunarefnisdíoxíð (NO_2) – umferðartengd uppspretta
- Svifryk (PM_{10}) er uppspænt malbik, sót aðallega frá díselbruna, jarðvegsagnir, salt, aska o.fl.
- Brennisteinsvetni (H_2S) – jarðhitavirkjanir – Nesjavallar - og Hellisheiðarvirkjun
- En nýjasti bófinn í dramanu er brennisteinsdíoxíð (SO_2). Aðallega frá iðnaði, bílaumferð, skipaumferð og frá eldgosum

Svifryk

- Svifryksmengun er ein af helstu ástæðum heilbrigðisvandans sem rekja má til mengunar í borgum
- Svifryk er fínasta gerð rykagna sem eiga greiða leið í öndunarfærin. Börn og fólk með viðkvæm öndunarfæri eða astma ætti að halda sig fjarri fjölförnum umferðargötum þegar mengunargildi mælast há.

Samsetning svifryks í Reykjavík

Samanburður á milli rannsókna




Bryndís Skúladóttir o.fl. (2003)

Páll Höskuldsson o.fl. (2013)


Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Nagladekk

- Hlutdeild negldra dekkja í Reykjavík var 31% í desember sl. en 34% í mars sl.
- Í sömu mánuðum 2013 voru 32% og 28% og 2012 voru gildin 33% og 36%
- Til samanburðar má benda á að í desember 2001 var hlutfall nagladekkja 58% en í mars 2002 67%



Fjöldi skipta sem svifryk (PM10) var yfir sólarhrings-heilsuverndarmörkum 2002-2014



Loftgæðin í Reykjavík við Grensásveg 2014


Svifryk (PM10) – ýmsar uppsprettur

- **Átta sinnum** yfir sólahrings - heilsuverndarmörkin ($50 \mu\text{g}/\text{m}^3$) við Grensásveg => Þar af eru 3 skipti – staðbundið/bílaumferð, 1 skipti öskumengaður snjór, 2 skipti - sandstormar og/eða öskufjúk, uppþyrlun á ryki m.a. ösku og selta frá sjó og ryki úr umhverfinu, 2 Vont veður – selta og sandur sem þyrlast upp.

Köfnunarefnisdíoxíð (NO_2) – útblástur frá bílum

- Aldrei yfir sólarhrings – heilsuverndarmörk ($75 \mu\text{g}/\text{m}^3$) við Grensásveg – **má fara 7 sinnum yfir** (skv. rgl. 251/2002) – aldrei yfir klukkutímamörkum ($110 \mu\text{g}/\text{m}^3$) við Grensásveg – **má fara 175 sinnum yfir**.

Ársstyrkur brennisteinsvetnis við Grensásveg



Áramótin 2014-1015


Sólarhringsmeðaltal 1.1.2015

Grensásvegur 20,2 $\mu\text{g}/\text{m}^3$

FHG 16,4 $\mu\text{g}/\text{m}^3$

Farstöð I Lagargata 22,4 $\mu\text{g}/\text{m}^3$

Farstöð II Völundarhúsum 5,6 $\mu\text{g}/\text{m}^3$



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Grensásvegur
Styrkur svifryks (PM10) fyrstu klst. áranna 2010-
2015

Ár	Styrkur (µg/m ³)
2015	215
2014	245
2013	475
2012	1014
2011	285
2010	1575 (225)

Viðbragðsáætlun um loftgæði

- Samþykkt í Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur árið 2009.
- Tekur til skammtímaaðgerða til að koma í veg fyrir að farið sé yfir heilsuverndarmörk.
- Fjallað er um öll helstu mengunarefni í andrúmslofti út frá þekktum uppsprettum auk lyktarmengunar en einnig er innilofti og bráðaloftmengun gerð skil.
- Viðbragðsáætlunin var uppfærð árið 2012 og verður uppfærð á þessu ári.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur



Viðbragðsteymi

- Metur hvort senda eigi út tilkynningar.
- Hvort fara eigi út í mótvægisaðgerðir á hverjum tíma og þá hverjar.
- Í teyminu eru aðilar frá Reykjavíkurborg þ.e., Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, skrifstofu skipulags, bygginga og borgarhönnunar og skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlands. Einnig er í teyminu fulltrúi frá Vegagerð ríkisins.

